Fullgild rafræn undirskrift
KJARTAN GUÐMUNDSSON
2026-11-17 15:18:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR KRÖYER
2026-11-17 15:45:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Coripharma ehf.
Reykjavíkurvegi 78-80
Hafnarfjörður 220
Ísland

17. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3425

Efni: Reglubundið eftirlit þann 15. október 2026 hjá Coripharma ehf.

Þann 15. október 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Coripharma ehf., Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða frávika:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
Starfsleyfi, kafli um spilliefni og úrgang, sbr. rg. nr. 737/2003	Frávikið var skráð: 15. október 2026 Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, þannig að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið. *Spilliefni skulu geymd í tryggri og vatnsheldri geymslu. Spilliefnagámur á lóð er ekki vatnsheldur. Notkun gámsins hætt í desember 2025 og spilliefni geymd í læsanlegum 660 lítra körum.*	**Lokað**
Viðauki II með reglugerð nr. 796/1999	Frávikið var skráð: 15. október 2026 Mengun vatns er óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efna á listum I, II, III og IV í viðaukum með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, viðauka með henni og starfsleyfi. *Losun efna á lista II er óheimil án sérstakrar heimildar í starfsleyfi. Efni á lista II hafa greinst í fráveituvatni án þess að starfsleyfi heimili losun þeirra.*	**Opið**

	Frávikið fellur undir samþykkta úrbótaáætlun frá 13. janúar 2022 og verður lokað við útgáfu nýs starfsleyfis með losunarheimildum, sem Umhverfis- og orkustofnun vinnur að.	

Í eftirlitinu voru engin ný frávik skráð. Einu fráviki frá fyrra eftirliti hefur verið lokað og eitt frávik frá fyrra eftirliti er enn opið, sbr. töfluna hér að framan. Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Kristín Kröyer
Sérfræðingur í teymi eftirlits